

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Aragötu 14
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr. 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Hagfræðileg úttekt vegna tillagna um nýtt örorkumat og aukna starfsendurhæfingu

janúar 2008

Efnisyfirlit

Aðfaraorð	3
Inngangur	4
Framfærsluleg staða einstaklings nú og í tillögu að nýju kerfi.....	5
Kostnaður ríkissjóðs af hækkun grunnlífeyris	12
Útgjöld til endurhæfingar.....	14
Heimildir	19

Aðfaraorð

Á haustmánuðum 2007 leitaði Öryrkjabandalag Íslands til Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands til að fá svör við nokkrum spurningum er snerta hugsanleg áhrif af breyttu fyrirkomulagi örorkubóta á Íslandi. Spurningar og forsendur sem lagt var upp með auk svara við þessum spurningum fara hér á eftir. Að skýrslunni unnu dr. Sigurður Jóhannesson og dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, sérfræðingar á Hagfræðistofnun.

f.h. Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

Gunnar Haraldsson, forstöðumaður

Inngangur

Í þessari skýrslu er aðallega litið til þriggja þátta sem snerta málefni öryrkja á Íslandi. Í fyrsta lagi er litið til áhrifa af breyttu kerfi örorkubóta þar sem meiri áhersla er lögð á starfsendurbjálfum. Í öðru lagi eru skoðuð áhrif breytts kerfis á kostnað hins opinbera og í þriðja lagi er litið til nokkurra þátta er snerta samanburð á útgjöldum til endurhæfingar hér á landi og í ýmsum öðrum löndum.

Í eftirfarandi útreikningum er samanburður á aðstæðum öryrkja miðað við núverandi fyrirkomulagi og í nýju kerfi með tilliti til núverandi atvinnuþátttöku öryrkja með 75% örorkumat. Við útreikningana er miðað við eftirfarandi forsendur um breytt kerfi örorkubóta.

I) Fullur lífeyrir, miðað við fulla færnisskerðingu, væri kr. 200.000 krónur á mánuði.

II) Í nýju kerfi verði færni metin í 5%, 10%, 15%, 20% færni, o.s.frv.

III) Horft er á tvenns konar lífeyrisréttindi: i) Enginn réttur í lífeyrissjóði ii) Dæmigerðar greiðslur úr lífeyrissjóði hjá þeim sem fá þaðan greiðslur.

IV) Tekin eru tvö dæmi um atvinnuþátttöku: i) Engin atvinnuþátttaka, ii) Dæmigerð atvinnuþátttaka hjá þeim sem vinna.

Skoðaðar eru tekjur fyrir og eftir skatta hjá hinum ýmsu hópum, samkvæmt þremur ólíkum kerfum. Í fyrsta lagi er horft á það kerfi sem nú gildir. Síðan er horft á tillögu að nýju kerfi þar sem lífeyrisgreiðslur eru tengdar mati á færni, en ótengdar tekjum. Til samanburðar er síðan horft á núverandi kerfi þar sem allar tengingar bóta við tekjur yrðu afnumdar. Allar tölur um skatta og lífeyrisbætur eru miðaðar við desember 2007.

Í hugmyndum um nýtt bótakerfi er gert ráð fyrir að færni sé metin reglulega og lífeyrir taki aðeins mið af henni. Til dæmis fái maður með 50% færni helming af fullum örorkulífeyri, en hér er gert ráð fyrir að hann sé 200 þúsund krónur á mánuði. Lífeyririnn verður því 100 þúsund krónur í lífeyri á mánuði. Maður með 40% færni fær 120 þúsund krónur og svo framvegis. Ekki er gert ráð fyrir að bætur Tryggingastofnunar séu tengdar við tekjur. Ef maður með 50% færni fær ekki vinnu er gert ráð fyrir að hann fái hálfar atvinnuleysisbætur, samkvæmt þessum hugmyndum, maður með 40% færni á rétt á 40% fullra atvinnuleysisbóta og svo framvegis.

Gera má ráð fyrir að ráðstöfunartekjur þeirra sem ekki vinna og þiggja ekkert úr lífeyrissjóði aukist um 20-40% með nýju bótakerfi. Ávinningurinn er nokkru meiri hjá þeim sem fá greitt úr lífeyrissjóði, en ávinningur minnkar eftir því sem færni eykst, að því

gefnu að atvinnutekjur breytist ekki. Möguleikar á að afla meiri tekna með meiri vinnu eru hins vegar mun meiri en áður, því að í nýju kerfi eru bætur ekki tengdar við tekjur.

Kostnaður ríkissjóðs af hækkun örorkubóta úr tæpum 25 þúsund krónum í 50 þúsund krónur á mánuði er um 2½ milljarður króna (hér er miðað við fjárhæð örorkulífeyris í desember 2007). Hækkun í 70 þúsund krónur kostar nálægt 5 milljörðum króna.

Þá benda útreikningar til að það myndi kosta ríkissjóð um 25 milljarða á ári að hækka skattleysismörk úr ríflega 90 þúsund krónum á mánuði í 120 þúsund. Það myndi kosta ríkissjóð um 40 milljarða á ári að hækka þau úr 90 þúsundum í 140 þúsund krónur á mánuði.

Opinber útgjöld til vinnuhvetjandi aðgerða eru minni á Íslandi en í flestum öðrum löndum sem skoðuð eru. Hlutfall slíkra útgjalda af landsframleiðslu er um 0,1%, eða svipað og í Bandaríkjunum, en miklu lægra en í öðrum löndum Vestur-Evrópu.

Framfærsla einstaklings nú og í tillögu að nýju kerfi

Í þessum kafla eru metin áhrif þess á framfærslu einstaklings að taka upp nýtt kerfi örorkubóta. Sett eru fram dæmi um ráðstöfunarfé öryrkja miðað við mismunandi kerfi, mismiklar atvinnutekjur og mismiklar tekjur úr lífeyrissjóði. Aðeins er horft á einstaklinga, en ekki hjón eða sambýlisfólk.

Góðar upplýsingar liggja fyrir um atvinnutekjur öryrkja, en lítið er vitað um vinnutíma þeirra og tímakaup. Atvinnutekjur þeirra eru litlar og miðgildi launatekna er nálægt 80 þúsund krónum á mánuði hjá þeim sem einhverja vinnu stunda. Samkvæmt tekjuáætlun Tryggingastofnunar fyrir 2007, sem unnin var í mars það ár, unnu þá um 35% þeirra 13.700 manna sem þágu örorkulífeyri.¹

Atvinnutekjur öryrkja á mánuði 2007, hlutfall af heildarfjölda

0 kr.	65%
>0-50 þús. kr.	16%
50-100 þús. kr.	7%
100-200 þús. kr.	7%
meira en 200 þús. kr.	5%

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins, tekjuáætlun, mars 2007.

Einnig voru skoðaðar raunverulegar tekjur árið 2006 samkvæmt uppgjöri Tryggingastofnunar. Tæplega 40% fengu *vinnulaun* á árinu en hlutfallið hækkar í 47% ef horft er á allar atvinnutekjur (til þeirra teljast meðal annars atvinnuleysisbætur og reiknað endurgjald). Hér er horft á alla sem þágu örorkubætur á árinu og einnig tæplega 900 manns sem þágu endurhæfingarstyrk og 800 manns á örorkustyrk, þannig að hópurinn er nokkru stærri en áður, liðlega 16 þúsund manns. Eðlilegt er að fleiri vinni í þessum hópi en í hinum, sem fyrr var nefndur, enda er hér meðal annarra fólk með minna en 75% örorku og fólk sem ekki var á örorkubótum allt árið. Meðal þeirra sem einhverja vinnu stunduðu var miðgildi launatekna tæp 75 þúsund krónur á mánuði. Uppfært með launavísitölu frá 2006 til október 2007 gera þetta liðlega 80 þúsund á mánuði.² Miðgildi þýðir að helmingur fær meira en sem nemur þessari upphæð og helmingur minna. Meðaltalslaun eru jafnan nokkru hærri en miðgildið og þau voru árið 2006 hjá þeim sem einhver laun fengu voru tæp 115 þúsund á mánuði (ríflega 125 þúsund, uppfært til kauplags haustið 2007). Meðallaunatekjur fyrir alla öryrkja árið 2006, bæði þá sem voru með tekjur og hina, voru 44 þúsund á mánuði. Uppfært með launavísitölu fram á haust 2007 verða það tæp 50 þúsund. Ef horft er á allar atvinnutekjur verður útkoman nokkru hærri, eða um 50 þúsund að meðaltali hjá öllum öryrkjum árið 2006 (óuppfært), eða tæp 60 þúsund uppfært til kauplags haustið 2007. Þetta eru heldur hærri tölur en lesa má úr tekjuáætlun fyrir 2007 sem náði aðeins til þeirra sem fengu örorkubætur í mars.

¹ Tryggingastofnun ríkisins, úr tekjuáætlun, 2007.

² Tryggingastofnun ríkisins, Sigurður Grétarsson, tölvupóstur 2007, Guðmundur Hjaltalín, samtal desember 2007.

Einnig var horft á áætlun um greiðslur úr lífeyrissjóði til þeirra sem fengu örorkulífeyri í mars 2007.

Tekjur öryrkja úr lífeyrissjóði á mánuði 2007, hlutfall af heildarjölda

0	45%
>0-50 þús.kr.	25%
50-100 þús.kr.	18%
100-200 þús.kr.	10%
meira en 200 þús.kr.	2%

Heimild: Tekjuáætlun Tryggingastofnunar í mars 2007.

Árið 2006 var en miðgildi greiðslna til þeirra sem fengu eitthvað úr lífeyrissjóði um 50 þúsund á mánuði.³ Uppfært með launavísitölu til október 2007 verða það um 55 þúsund krónur. Meðalgreiðslur lífeyrissjóða til þeirra sem fengu eitthvað voru um 65 þúsund krónur á mánuði árið 2006, eða tæp 75 þúsund uppfært til kauplags haustið 2007. Allir öryrkjar, bæði þeir sem ekkert fengu úr lífeyrissjóði og hinir, fengu um 35 þúsund krónur á mánuði að meðaltali úr lífeyrissjóði árið 2006. Uppfært til kauplags haustið 2007 gera það eitthvað undir 40 þúsund krónum.

Dæmin sem hér verða skoðuð um áhrif breytts lífeyriskerfis eru annars vegar miðuð við að lífeyrisþegi fái miðgildi launatekna þeirra öryrkja sem eru í vinnu og hins vegar við að lífeyrisþeginn sé atvinnulaus. Rétt er að undirstrika að þetta eru aðeins algeng dæmi, en þetta eru ekki meðaltöl. Samkvæmt yfirliti Hagstofunnar voru heildartekjur allra landsmanna sem stunduðu vinnu árið 2006 að meðaltali tæpar 250 þúsund krónur á mánuði í aðalstarfi. Ef þetta er hækkað með launavísitölu til haustsins 2007 fást 300 þúsund króna meðallaun. Áður kom fram að miðgildi launa þeirra öryrkjar sem vinna er liðlega 80 þúsund krónur, uppfært til haustsins 2007. Þetta myndi samsvara liðlega 25% vinnufærni, ef hún er rétt metin. Í dæmunum hér á eftir er miðað við 5% og 25% vinnufærni. Sá sem er með 5% færni er atvinnulaus og fær 5% atvinnuleysisbóta, en fullar bætur námu fyrir júl 2007 114 þúsund krónum á mánuði.⁴ Hann myndi því fá 6 þúsund krónur á mánuði í atvinnuleysisbætur í nýja kerfinu, en hann á ekki rétt á bótum í því kerfi sem nú er. Miðað er við að maður með 25% færni fái 80 þúsund krónur í vinnulaun á mánuði.

Þá er annars vegar miðað við að maður fái ekkert úr lífeyrissjóði og hins vegar við að greiðslurnar sé 55 þúsund krónur, en það er miðgildi lífeyrisgreiðslna þeirra, sem einhverjar greiðslur fá.

³ Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

⁴ Vinnumálastofnun, símtal, desember 2007.

Tekjur öryrkja á mánuði, miðað við ýmsar forsendur.

Engar atvinnutekjur-fullur aldurstengdur lífeyrir í núverandi kerfi

Taflan hér að neðan lýsir tekjum hjá manni með 5% færni í nýju kerfi en 75% örorku í núverandi kerfi. Hann vinnur ekki utan heimilis. Gert er ráð fyrir að hann fái 6 þúsund krónur á mánuði í atvinnuleysisbætur í nýju kerfi, og þiggi ekkert úr lífeyrissjóði. Gert er ráð fyrir að hann hafi notið fullra örorkubóta frá 18 ára aldri og njóti því fulls aldurstengds lífeyris úr núverandi kerfi.

	Núverandi kerfi	Nýtt kerfi	Engin tekjutenging í núverandi kerfi
Fyrir skatta	152.000	196.000	152.000
Breyting		29%	0%
Eftir skatta	130.000	158.000	130.000
Breyting		22%	0%

Taflan hér að neðan lýsir tekjum hjá manni með sömu tekjur og hér að ofan, nema hvað hann þiggur 55 þúsund krónur frá lífeyrissjóði á mánuði.

	Núverandi kerfi	Nýtt kerfi	Engin tekjutenging
Fyrir skatta	179.000	250.000	208.000
Breyting		40%	16%
Eftir skatta	147.000	193.000	166.000
Breyting		31%	13%

Engar atvinnutekjur-enginn aldurstengdur lífeyrir í núverandi kerfi

Taflan hér að neðan lýsir tekjum hjá manni með 5% færni í nýju kerfi en 75% örorku í núverandi kerfi. Hann vinnur ekki utan heimilis. Gert er ráð fyrir að hann fái 6 þúsund krónur á mánuði í atvinnuleysisbætur í nýju kerfi. Miðað er við að hann þiggi ekkert úr lífeyrissjóði. Gert er ráð fyrir að hann hafi notið örorkubóta frá 40 ára aldri og njóti því ekki aldurstengds lífeyris úr núverandi kerfi.

	Núverandi kerfi	Nýtt kerfi	Engin tekjutenging
Fyrir skatta	127.000	196.000	127.000
Breyting		54%	0%
Eftir skatta	114.000	158.000	114.000
Breyting		39%	0%

Taflan hér að neðan lýsir tekjum hjá manni með sömu tekjur og hér að ofan, nema hvað hann þiggur 55 þúsund krónur frá lífeyrissjóði á mánuði.

	Núverandi kerfi	Nýtt kerfi	Engin tekjutenging
Fyrir skatta	154.000	250.000	183.000
Breyting		62%	19%
Eftir skatta	131.000	193.000	150.000
Breyting		47%	15%

Nokkrar atvinnutekjur-fullur aldurstengdur lífeyrir í núverandi kerfi

Taflan hér á eftir lýsir tekjum hjá manni með 25% færni í nýju kerfi en 75% örorku í núverandi kerfi. Tekjur hans af vinnu eru 80 þúsund krónur á mánuði, og hann þiggur ekkert úr lífeyrissjóði. Gert er ráð fyrir að hann hafi notið örorkubóta frá 18 ára aldri og njóti því fulls aldurstengds lífeyris úr núverandi kerfi.

	Núverandi kerfi	Nýtt kerfi	Engin tekjutenging í núverandi kerfi
Fyrir skatta	208.000	230.000	233.000
Breyting		11%	12%
Eftir skatta	166.000	180.000	182.000
Breyting		8%	10%

Taflan hér að neðan lýsir tekjum hjá manni með sömu tekjur og hér að ofan, nema hvað hann þiggur 55 þúsund krónur frá lífeyrissjóði á mánuði.

	Núverandi kerfi	Nýtt kerfi	Engin tekjutenging
Fyrir skatta	235.000	285.000	288.000
Breyting		21%	23%
Eftir skatta	183.000	215.000	217.000
Breyting		17%	19%

Einhverjar atvinnutekjur en enginn aldurstengdur lífeyrir í núverandi kerfi

Taflan hér að neðan sýnir tekjur hjá manni með 25% færni í nýju kerfi en 75% örorku í núverandi kerfi. Tekjur hans af vinnu eru 80 þúsund krónur á mánuði, og hann þiggur ekkert úr lífeyrissjóði. Gert er ráð fyrir að hann hafi notið örorkubóta frá 40 ára aldri og njóti því ekki aldurstengds lífeyris úr núverandi kerfi.

	Núverandi kerfi	Nýtt kerfi	Engin tekjutenging í núverandi kerfi
Fyrir skatta	184.000	230.000	208.000
Breyting		25%	13%
Eftir skatta	150.000	180.000	166.000
Breyting		20%	11%

Meðfylgjandi tafla sýnir tekjum hjá manni með sömu tekjur og hér að ofan, nema hvað hann þiggur 55 þúsund krónur frá lífeyrissjóði á mánuði.

	Núverandi kerfi	Nýtt kerfi	Engin tekju-tenging
Fyrir skatta	210.000	284.000	263.000
Breyting		35%	25%
Eftir skatta	167.000	215.000	201.000
Breyting		29%	20%

Fyrir þann sem engar tekjur fær frá atvinnu eða lífeyrissjóðum breyta tekjutengingar engu. Eins og við er að búast eykst ávinningurinn af því að fella niður tekjutengingar með tekjum, hvort sem þær eru úr lífeyrissjóði eða af vinnu. Þeir sem eru með meðaltekjur þeirra sem vinna og meðalgreiðslur úr lífeyrissjóði þeirra sem slíkar greiðslur fá, hagnast um tæp 20% ef tekjutengingar verða felldar niður. Ávinningur af nýju kerfi dreifist á allt annan hátt. Þeir hagnast nokkru meira sem eru með litlar atvinnutekjur en þeir sem eru með 80 þúsund krónur í atvinnutekjur á mánuði. Þarna munar meðal annars um greiðslu atvinnuleysisbóta. Ávinningurinn af nýju kerfi eykst hins vegar með vaxandi tekjum úr lífeyrissjóði, enda eru greiðslur úr nýju bótakerfi óháðar þeim. Þeir sem eru með meðaltekjur þeirra sem vinna og meðalgreiðslur úr lífeyrissjóði þeirra sem slíkar greiðslur fá, hagnast um tæp 18%, álíka mikið og þeir myndu gera ef tekjutengingar væru afnumdar í núverandi kerfi.

Bætur aukast meira en í þessum dæmum ef ekki er miðað við að menn njóti aldurstengdra bóta í núverandi kerfi, en annars eru breytingarnar svipaðar og áður.. Rétt er að hafa í huga að þessi samanburður kann að vera raunhæfari fyrir þá sem njóta greiðslna úr lífeyrissjóði en sá sem sýndur var í töflunum hér á undan, því að sjaldgæft er að þeir sem verða öryrkjar mjög ungir njóti mikilla greiðslna úr lífeyrissjóði.

Kostnaður ríkissjóðs af hækkun grunnlífeyris

Hvað kostar ríkissjóð á einu ári að hækka grunnlífeyri (örorkulífeyri) úr tæpum 25.000 krónum á mánuði í 50.000 krónur?

Hér að framan kom fram að meðaltekjur allra öryrkja af atvinnu eru líkast til nálægt 60 þúsund krónum á mánuði haustið 2007 (hér eru atvinnuleysisbætur og reiknað endurgjald talið með). Meðaltekjur úr lífeyrissjóði eru tæp 40 þúsund. Miðað við þessar forsendur leiðir hækkun grunnlífeyris í 50 þúsund krónur til nálægt 10% hækkunar ráðstöfunartekna öryrkja. Segja má að allir tekjuhópar hagnist álíka mikið í prósentum talið af hækkun grunnlífeyris. Þeir sem minnstar tekjur hafa hagnast þó heldur meira en hinir. Ráðstöfunartekjur þeirra aukast um 16 þúsund krónur á mánuði að jafnaði, eða tæpar 200 þúsund krónur á ári. Ef gert er ráð fyrir 13.700 manns þiggi að jafnaði örorkubætur þýðir hækkun grunnlífeyris í 50 þúsund krónur um 2,6 milljarða útgjaldaauka á ári fyrir ríkissjóð. Þá hefur verið horft til skattgreiðslna af bótunum. Við þessa fjárhæð bætist kostnaður af hækkun örorkustyrks, og annarra bóta sem tengdar eru örorkulífeyri, en sá kostnaður er miklu minni.

	Núverandi kerfi öryrkjar frá 18 ára	Núverandi kerfi öryrkjar frá 40 ára	Grunnlífeyrir í 50 þúsund, öryrkjar frá 18 ára aldri	Grunnlífeyrir í 50 þúsund, öryrkjar frá 40 ára aldri
Fyrir skatta	214.000	189.000	239.000	214.000
Breyting			12%	13%
Eftir skatta	170.000	154.000	186.000	170.000
Breyting			9%	10%

Hvað kostar að hækka lífeyrinn í 70.000 krónur á mánuði?

Ef grunnlífeyrir örorkubóta hækkar í 70.000 má gera ráð fyrir að ráðstöfunartekjur meðaleinstaklings vaxi um tæpar 30 þúsund krónur á mánuði, ef miðað er við sömu forsendur og fyrr um tekjur af atvinnu og úr lífeyrissjóðum. Á ári vaxa ráðstöfunartekjur um 350 þúsund krónur að jafnaði. Miðað við tölur um fjölda öryrkja sem vitnað var til hér að framan má gera ráð fyrir að þetta kosti ríkissjóð tæplega 5 milljarða króna á ári. Þá er eins og áður litið til tekna ríkissjóðs af tekjuskatti af bótunum. Ekki er hér litið til hækkunar örorkustyrks, sem er eins og fyrr segir tengdur örorkubótum.

	Núverandi kerfi, öryrkjar frá 18 ára	Núverandi kerfi, öryrkjar frá 40 ára	Grunnlífeyrir í 70 þúsund, öryrkjar frá 18 ára aldri	Grunnlífeyrir í 70 þúsund, öryrkjar frá 40 ára aldri
Fyrir skatta	214.000	189.000	259.000	234.000
Breyting			21%	24%
Eftir skatta	170.000	154.000	199.000	183.000
Breyting			17%	19%

Kostnaður ríkissjóðs af hækkun skattleysismarkna

Hver er kostnaður ríkissjóðs við að hækka skattleysismörk í 120.000 kr. og 140.000 kr.?

Hvað hækkun skattleysismarkna varðar eru niðurstöður eftirfarandi, miðað við upplýsingar um fjölda skattgreiðenda, tekjuskattshlutfall og persónuafslátt af vef ríkisskattstjóra (skattur.is). Skattleysismörkin ráðast af persónuafslætti og skatthlutfalli, þau eru nánar tiltekið jöfn persónuafslættinum deilt með skatthlutfalli. Skattleysismörk má því hækka á tvo vegu. Annars vegar má hækka persónuafslátt og hins vegar má lækka skatthlutfallið. Skattleysismörkin eru persónuafsláttur deilt með skatthlutfalli. Núna eru þau rétt rúm milljón á ári, eða rétt ríflega 90.000 krónur á mánuði. Gerum ráð fyrir að skattleysismörk séu hækkuð með því að hækka persónuafsláttinn. Til þess að hækka skattleysismörk úr 90.000 á mánuði í 120.000 þyrfti persónuafsláttur að hækka úr 32.150 krónum á mánuði í 42.864. Nálgast má kostnað af þessu með því að margfalda með fjölda þeirra með fjölda framteljenda, tæplega 230 þúsundum.⁵ Þessi margföldun gefur þó ekki nákvæma útkomu, því að sumir framteljendur nýta ekki persónuafsláttinn til fulls, þar sem þeir eru undir skattleysismörkum. Af athugun á upplýsingum um tekjudreifingar að dæma má ætla að 10-15% framteljenda séu undir núverandi skattleysismörkum.⁶ Rúm 5% eru síðan á bilinu frá 90-120 þúsund krónur og eru meðaltekjur þeirra tæplega 110 þúsund krónur á mánuði. Kostnaður við að hækka skattleysismörkin gæti því verið 24 milljarðar króna (þeir sem yrðu yfir nýju skattleysismörkunum). Við þetta bætist 1,2 milljarðar (þeir sem yrðu milli nýju markanna og þeirra gömlu). Útkoman er 25 milljarðar króna á ári. Þetta er kostnaðurinn við að hækka skattleysismörk í 120 þúsund krónur á mánuði. Á sama hátt má nálgast kostnaðinn við að hækka skattleysismörk í 140 þúsund krónur á mánuði. Við fáum 37,5 milljarðar (þetta eru þeir sem yrðu yfir nýju skattleysismörkunum). Við þetta bætast 2,6 milljarðar (þetta er vegna þeirra sem lenda milli nýrra skattleysismarkna og þeirra gömlu). Alls virðist því kosta ríkissjóð um 40 milljarða króna á ári að hækka skattleysismörk í 140 þúsund krónur á mánuði úr 90 þúsundum á mánuði.

⁵ Úr staðtölum rsk, www.rsk.is/stadtolur/skrar/115_allir_2002-2007.xls

⁶ Hér eru hjón talin sem 2 framteljendur, sjá staðtölur ríkisskattstjóra:


http://rsk.is/birta_sidu.asp?vefslod=/stadtolur/stadtolur.asp&val=8.0&st=1.1.4

Útgjöld til endurhæfingar

Í þessum kafla er að finna samanburð á útgjöldum til endurhæfingar og starfsendurhæfingar hér og í þeim löndum sem við berum okkur oftast saman við. Endurhæfing er lykilhugtak í hugmynd að breyttu kerfi og því ekki úr vegi að sjá hvar við stöndum hvað varðar útgjöld til þessa málaflokks.


Hve mikið þurfa Íslendingar að auka útgjöld til endurhæfingar/starfsendurhæfingar til að ná meðaltali Norðurlandþjóða? Hve mikið þurfa Íslendingar að auka útgjöld til endurhæfingar/starfsendurhæfingar til að ná meðaltali OECD þjóða?

Alþjóðlega samanburðarhæfar tölur um útgjöld til endurhæfingar og starfsendurhæfingar öryrkja eru illfáanlegar. Hins vegar sýna fjöldatölur að fjöldi íslenskra öryrkja í endurhæfingu þyrfti að rúmlega sexfaldast til þess að ná því meðaltali sem er annars staðar á Norðurlöndum. Svipaða sögu er að segja um endurhæfingu alls fólks á vinnualdri, en hún er mun óalgengari hér en á hinum norðurlöndunum eins og sjá má á mynd 1 hér að neðan.



Heimild: Stefán Ólafsson (2005)


Tölur um útgjöld til vinnumarkaðshvetjandi aðgerða innan OECD eru ekki flokkaðar niður eftir þjóðfélagshópum eða tegund aðgerða. Samkvæmt OECD Health Data 2007 má þó sjá að útgjöld Íslendinga til vinnuhvetjandi aðgerða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) eru með lágsta móti, sé miðað við önnur OECD ríki eins og sjá má á myndum 2 og 3.



Heimild: OECD Health Data 2007


Hvað samanburð við útgjöld OECD ríkja til vinnuhvetjandi aðgerða varðar þá eru Íslendingar meðal þeirra sem veita einna minnst til þess málaflokks sem hlutfall af VLF. Mexíkó veitir þó minni hluta af VLF til vinnuhvetjandi aðgerða en Ísland sem veitir svipuðum hluta þjófurframleiðslunnar til þessa og Bandaríkin gera. Aðrir veita meira fé til vinnuhvetjandi aðgerða. Óvegið meðaltal þessara útgjalda eru 0,607% af VLF, en Íslendingar veita um 0,1 prósentu til málaflokksins og þyrftu því að sexfalda útgjöldin til þess að ná meðaltali OECD þjóða.

Mynd 3: Hlutfall (%) VLF til vinnuhvetjandi aðgerða




Heimild: OECD Health Data 2007

Mynd 4: Útgjöld til vinnuhvetjandi aðgerða á jafnvirðisengi (PPP)



Heimild: OECD Health Data 2007

Mynd 5: Útgjöld til vinnuhvetjandi aðgerða á einstakling á jafnvirðisengi (PPP USD)



Heimild: OECD Health Data 2007

Vegna hárrar þjóðarframleiðslu Íslendinga er eðlilegt að skoða einnig útgjöld til vinnuhvetjandi aðgerða, án tillits til þjóðarframleiðslu. Á mynd 5 að ofan má sjá að Íslendingar eyða mjög litlu í vinnuhvetjandi aðgerðir í samanburði við önnur OECD ríki þegar litið er til beinna útgjalda.

Hér ber þó að hafa í huga að ekki er einungis um útgjöld til vinnuhvetjandi aðgerða öryrkja að ræða og má því ætla að atvinnuleysi, sem hefur jafnan verið mjög lágt á Íslandi, hafi áhrif á þörfina fyrir vinnuhvetjandi aðgerðir í heildina. Slíkt getur þó ekki skýrt tölur um fjölda öryrkja í endurhæfingu á Íslandi sem tíundaðar voru að ofan.

Hvað mundi það kosta ef horfið væri frá gjaldtöku í heilsugæslunni og á sjúkrahúsum að teknu tilliti til forvarnar- og heilsufarslegra kostnaðarþátta?

Árleg útgjöld öryrkja til lækniþjónustu eru 17.483 samkvæmt niðurstöðum póstkönnunar sem Rúnar Vilhjálmsson prófessor við Háskóla Íslands hefur séð um.⁷ Verðteygni heilbrigðisþjónustur er um -0,2.⁸ Það má þó gera ráð fyrir því að verðteygni sé einhverju meiri þegar verðið er fært niður í 0. Hér er þó notast við -0,2 og er því um frekar íhaldssama útreikninga á útgjaldaaukningu hins opinbera að ræða. Einnig er verðteygni lágtekjufólks yfirleitt meiri en hátekjufólks. Því má gera ráð fyrir að þær niðurstöður sem hér eru tíundaðar séu neðri mörk fyrir útgjaldaaukningu ríkissjóðs. Þær ættu þó að gefa einhver leiðbeinandi svör sem slíkar. Miðað við þessar forsendur væri kostnaðarauki ríkissjóðs við það að gera lækniþjónustu öryrkja gjaldfrjálsa ISK 293.022.073.

Hvað varðar lyfseðilsskylda lyfjanotkun þá er hún að meðaltali 22.827 á ári hjá öryrkjum samkvæmt sömu könnun Rúnars Vilhjálmssonar prófessors. Eftirspurn eftir lyfjum er nokkru næmari fyrir verðbreytingum heldur en eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu og er í þessum útreikningum miðað við verðteygni eftirspurnar -0,3.⁹ Miðað við þessar forsendur væri kostnaðarauki ríkissjóðs við það að gera lyfseðilsskyld lyf öryrkja gjaldfrjálsa ISK 414.472.121. Hér er þó einnig um neðri mörk útgjaldaaukningar að ræða af sömu ástæðum og að ofan var greint frá.

⁷ Rúnar Vilhjálmsson, 2007.

⁸ Manning og félagar 1987.

⁹ Hughes og McGuire, 1995.

Heimildir

Hughes, D. og A. McGuire. Patient charges and the utilisation of NHS prescription medicines: some estimates using a cointegration procedure. *Health Economics* 4, bls. 213–220. 1995.

Manning, W. G., J. P. Newhouse, N. Duan, E. B. Keeler og A. Leibowitz. Health Insurance and the Demand for Medical Care: Evidence from a Randomized Experiment. *The American Economic Review* 77, bls. 251-277. 1987

OECD Health Data 2007.

Rúnar Vilhjálmsson. Landskönnunin Heilbrigði og aðstæður Íslendinga – Aðferð og framkvæmd. Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. 2007.

Sigurður Thorlacius, Sigurjón B. Stefánsson og Stefán Ólafsson. Algengi örorku á Íslandi. *Læknablaðið* 01. tbl 93. árg. 2007

Stefán Ólafsson. *Örorka og velferð á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum*. Rannsóknarstöð þjóðmála, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Öryrkjabandalagið. Desember 2005.

Sveinn Agnarsson, Sigurður Jóhannesson, Emil B. Karlsson. *Framleiðnimæling og ávinningur af aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja*. Rannsóknarsetur verslunnarinnar, Apríl 2007

Upplýsingavefur RSK. http://www.rsk.is/birta_sidu.asp?vefslod=/Default.asp&val=0.0. Október 2007.